

Hagræn áhrif menningarhátíða á Austurlandi

Austfirsku hátíðirnar þrjár

Hagræn áhrif

Sumarið 2014 voru gestir þriggja menningarhátíða á Austurlandi spurðir um útgjöld og eyðslu í ýmsa liði sem tengjast mætingu á viðburðinn. Þar á meðal í veitingar og gistingu, kostnaðarliði sem ætla má að verði eftir á Austurlandi. Að auki er byggt á tölulegum gögnum og viðtölum frá skipuleggjendum og þjónustuaðilum á þeim stöðum sem viðburðirnir fara fram. Þannig má leggja mat á hagræn áhrif hátíðanna á nærsamfélagið.

Niðurstöður benda til þess að hagræn áhrif hátíðanna og innlegg þeirra í svæðisbundna ferðamennsku séu umtalsverð.

Vettvangskönnun

Vettvangskönnun var gerð á þremur austfirskum menningarhátíðum sumarið 2014. Gestir fylltu út spurningalista á staðnum og voru gild svör alls 185. Tilgangurinn var að greina þann hóp gesta sem heimsækir hátíðirnar, upplifun þeirra og ástæður fyrir komu. Niðurstöður sýna að gestahópurinn er sem heimsækir hverja hátíð er um margt ólíkur. Aldur, menntun og atvinnustaða endurspeglast í því að yngstu gestirnir sækja LungA og þeir elstu Bræðsluna. Langflestir gestirnir koma frá stöðum utan Austurlands og lítill hluti þeirra hafði áður búið á Austurlandi.

Gestirnir komu til að upplifa skemmtun og viðburðinn sjálfan en einnig vegna vina- og fjölskyldutengsla, læra og byggja upp tengslanet og í leit að ástinni.

Þeir skemmtu sér langflestir vel og upplifðu gestrisni og vinsemd á staðnum. Viðburðurinn stóð undir væntingum, gestir upplifðu öryggi og töldu upplifunina áhugaverða og lærdómsríka.




Kyn	Karl	65%	40%	53%
	Kona	35%	60%	47%
Aldur	25 ára og yngri	78%	43%	18%
	26-35 ára	13%	30%	35%
	36 ára eða eldri	9%	27%	47%
Menntun	Grunnskóli	10%	9%	5%
	Framhaldsskóli/iðn	58%	55%	34%
	Háskóli	32%	36%	61%
Atvinna	Nemi	39%	18%	7%
	Launþegi/sjálfst.st.	46%	67%	82%
	Bótaþegi	15%	15%	11%
Búseta	Byr á hátíðarstað	2%	5%	1%
	Höfuðborgarsvæði/Reykjanes	55%	69%	55%
	Akureyri	30%	17%	16%
	Austurland	12%	5%	21%
	Annars staðar*/Útlönd**	1%	4%	7%
Tengsl við Austurland	Ekki búið á Austurlandi	78%	79%	63%
	Þjó á Austurlandi (-Sey/B. E.)	13%	19%	26%
	Þjó á Seyðisfirði	9%	2%	2%
	Þjó á Borgarfirði eystra	-	-	9%



Gisting	7.164.990 kr.	2.736.000 kr.	4.723.950 kr.
Veitingar	41.121.780 kr.	22.955.200 kr.	35.356.500 kr.
Annað	373.380 kr.	833.375 kr.	1.206.810 kr.
Útgjöld í upphald	48.660.150 kr.	26.524.575 kr.	41.287.260 kr.
Ferðir	26.276.250 kr.	20.587.500 kr.	29.604.360 kr.
Aðgangur	7.651.908 kr.	15.024.174 kr.	5.462.100 kr.
Minjagripir	2.589.160 kr.	7.351.100 kr.	1.524.900 kr.
Útgjöld v/hátíðar	36.517.318 kr.	42.962.774 kr.	36.591.360 kr.
Heildarútgjöld gesta	85.177.468 kr.	69.467.349 kr.	77.878.620 kr.

Upplifun gesta



Borgarfjörður

110 íbúar
Stofnár: 2005
Seldir miðar: 850
Heildarfjöldi gesta: 3.000


Seyðisfjörður

670 íbúar
Stofnár: 2000
Seldir miðar: 100
Heildarfjöldi gesta: 3.500

Neskaupstaður

1.400 íbúar
Stofnár: 2005
Seldir miðar: 1.900
Heildarfjöldi gesta: 2.500

Ástæður komu gesta á hátíð



Skipuleggjendur



„Ég bara þarf að koma heim“

Viðtöl og kannanir meðal brottfluttra sem standa að eða leggja vinnu í menningarhátíðir í fyrrum heimahögunum benda til þess að þar séu að baki ólíkar ástæður og greina má sex típur út frá þessum ástæðum. Flestir eiga það sameiginlegt að tengslin við heimahagana skipta lykilmáli en fleira kemur til, s.s. eigin starfsferill og áhugi fyrir markaðssetningu svæðisins.



www.austurbru.is